



Grunnmynd 2. hæð
1 = 100 mm



Grunnmynd 1. hæð
1 = 100 mm



Götuheiti og númer: Suðurgata 55, Hafnarfjörður
Landeignanúmer: L122549
Matshluti: 01

Helstu stærðir:
Heildarbrúttostærðir hvarrar hæðar í m² og m³:
1. Hæð: 81,7m² 227,1m³
Ris Hæð: 80,0m² 262,2m³
Heildarstærð fyrir breytingu (brúttó): 132,4m² 397,5m³
Heildarstærð eftir breytingu (brúttó): 159,3m² 505,6m³
Stækkun (brúttó): 26,9m² 108,1m³
Stærð lóðar: 473,2m²

Almenn lýsing:
Suðurgata 55 er staðsteypt einbýlishús, ein hæð og ris. Skv. Fasteignaskrá er það bygg árið 1926. Til er teikning af húsinu frá 1926 undirrituð af Sigurði Flygenring. Samkvæmt þeim teikningum þá er húsið ein hæð. Árið 1950 var teiknað ris ofan á húsið af Sigmarí Guðmundssyni. Árið 1986 var teiknuð einnar hæðar viðbygging úr timbri klætt bárujárnsklæðningu og reist á staðsteyptri plötu og sökklum sunnan við húsið af Páli V. Bjarnasyni hjá Teiknistofan. Árið 2014 var teiknuð stakstæð bilgeymsla á lóðinni af Jóhanni M. Kristinssyni hjá Strendingi.


Eigendur óska eftir því að reisa viðbyggingu úr timbri með timbur gólfi ofan á núverandi viðbyggingu sunnan við hús sem samþykkt var 1986 með tengingu við rishæð húss sem samþykkt var 1950. Samhliða framkvæmd mun núverandi þak húss vera endurnýjað, svalir settar yfir anddyri og gömlu steyptu veggir einangraðir að utan með 50mm einangrun. Þessar breytingar hafa í för með sér að mænis hæð húss hækkar um 0,25m svo uppfylla megi kröfur um einangrunaþykkt sem og smávægilegar breytingar á innra skipulagi ris hæðar þar sem eitt af núverandi herbergjum breytist í hol og núverandi baðherbergi ris hæðar stækkar hlutflega.

Leitast er við að fella nýjar svalir að núverandi húsi þannig að jafnvægi í útliti þess sé ekki raskað. Í gildandi byggingarreglugerð eru gefnar upp lágmarksstærðir svala sem byggja á því að svalir eru flóttaleið úr íbúð við eldsvoða. Þessar lágmarksstærðir falla hins vegar illa á útliti núverandi húss og því svalir hafðar minni og ráðstafanir með tilliti til flóttaleiðar og eldsvoða leyst með því að setja eldvargler í hurð/glugga sem liggja að svölum, sjá nánar hér að neðan undir kallanum brunavarnir.

Þak núverandi viðbyggingar á 1. hæð sunnan við hús verður fjarlægð og í staðinn byggjt upp milligölf af 45x200mm gólfbitum c/c 450mm fyllt með þéttull klætt gólfborðum og með loftklæðningu í flokki 1 (gips). Nýir útveggir eru úr 45x125mm timburgrind c/c 600mm einangrað með 125mm þéttull, klæddir 12mm krossvið klætt Majcoat vatnþéttum öndunardúk frá Siga og bárujárnsklæðningu á lektum að utan, en að innan með rakavarnarlagi, lagnagrind 34x45mm c/c 600mm og veggklæðningu í flokki 1 (gips). Gluggar og hurð úr timbri með tvöföldu k-gleri. Þakvirki nýju viðbyggingar og endurnýjun á núverandi þaki er úr 45x195mm sperrum c/c 600mm. Einangrun 200mm þakull undir 25mm þakborðklæðningu klædd Majcoat vatnþéttum öndunardúk frá Siga og bárujárnsklæðningu á lektum. Loftun þaks er í lektuðu rými milli Majcoat vatnþéttlags og bárujárnsklæðningar. Að innan er þak klætt rakavarnarlagi, lagnagrind 34x45mm c/c 400mm og loftklæðningu í flokki 1 (gips). Einangra skal inn í lagnagrind í lofti með 25 mm ull. Samhliða viðbyggingu og endurbýggingu á 2 hæð er gert ráð fyrir að klæða allt húsið að nýju allt með standandi bárujárnsklæðningu. Steinveggir verða jafnframt einangraðir með 50 mm veggull að utanverðu milli lekta.

Handrið á svölum verður úr smíðajárni og uppfyllir kröfu byggingarreglugerðar, kafla 6.5. Loftþræsing er um opnanlega glugga í öllum herbergjum. Vélræn loftþræsing á baði efri hæðar. Upphitun er með hitaveituválmi um hefðbundið ofnakerfi. Innlök vatns, heitt og kalt er undir stíga í íbúð og inntak rafmagns er í stakstæðri bilgeymslu á lóð. Sorp er staðsett við austurhlíð húss næst bilgeymslu.

Brunavarnir:
Allar almennar brunamerkingar koma fram á uppdráttum. Elsti hluti 1. hæðar er staðsteyptur með viðbyggingu og risi úr timbri klætt bárujárni. Þak er hefðbundið timbur þak klætt bárujárni. Húsið er eitt brunahöf. Frá 1. hæð eru tvær flóttaleiðir beint út um hurð í anddyri og eldhúsi og frá risi er flóttaleið (RL) um hurð út á litlar svalir frá svefnherbergi í nýju viðbyggingunni, um björgunarop (BO) á gluggum herbergja og um stíga niður á 1. hæð. Húsið er einbýlishús og felur undir notkunarflokk 3. og skal nýbygging að lágmarki uppfylla brunakröfur til burðarvirkja í samræmi við gr. 9.9.2 og 9.9.3 í byggingarreglugerð, líflu 9.10 og 9.11 fyrir sérbýlishúsi í notkunarflokki 3. eða R30. Brunamótsstaða svala í flóttaleið skulu uppfylla gr. 9.9.4 í byggingarreglugerð, lífl nr. 2. Þar sem svalir á íbúðum á 2. hæð í notkunarflokki 3 mega vera úr efni D-s2,d0 og klæðning neðan á svalagólflið skal að jafnaði vera K₂₀ B-s1,d0 auk þess sem eldvargler (E30) er sett í hurðir/glugga sem liggja að svölum, sjá nánar merkingar á grunnmyndum. Nýjar lofta- og veggklæðningar innan húss skulu vera í flokki 1. Björgunarop (merkt-BO) eru úr öllum svefnherbergjum og uppfylla stærðir byggingarreglugerðar, gr. 9.5.5. Koma skal fyrir reyskynjurum (merkt-R) og handsökkvitækjum (merkt-HS) skv. merkingum á uppdráttum. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST-staðla og reglugerð um brunavarnir.



Samþykkt þann
20. OKT. 2021
Byggingarljósmann og húsnáðarfró
Jóhanna Bjarnadóttir

Könnunartölur:
Heildarleiðnítap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámark U-gilda byggingarluta verður í samræmi við kafla 13.3, gr. 13.3.1 og töflu í gr. 13.3.2 í byggingarreglugerð.

| | Leift hámark U-gildis (W/m ² K) T _p =18°C | Reiknað U-gildi (W/m ² K) T _p =18°C |
|---------------------------|--|--|
| Þak | 0,20 | 0,20 |
| Útveggur | 0,40 | 0,40 |
| Gluggar | 2,00 | 2,00 |
| Hurðir | 3,00 | 3,00 |
| Útveggir, vegjið meðaltal | 0,85 | 0,80 |

Heildar varmatap á fermetra húss: 2,20W/m²C

| Útg. | Verkefning | Hönnuður | Dags. |
|------|------------------------------------|------------|-------|
| C | Uppfært m.t.t. ath. byggingarfltr. | 11.10.2021 | PP |
| B | Uppfært m.t.t. ath. byggingarfltr. | 27.09.2021 | PP |
| A | Verkefning | 20.09.2021 | PP |

Verkefning
Strendingur ehf.
verkefningaþjónusta
Dalshraun 1
220 Hafnarfjörður
Sími: 575-5640
www.strendingur.is
strendingur@strendingur.is

Aðaluppdráttur
Hönnuður: Páll Pólsen, kt.: 200367-4729
Hönnunartíðni: Páll Pólsen, kt.: 200367-4729

Suðurgata 55
Hafnarfjörður
Afstöðumynd, Byggingarlýsing og Grunnmyndir

| | | | |
|-------------------|--------------------|-----------------|--------|
| Teiknað / Hannað: | Dags: | | |
| KG/PP | 20. september 2021 | | |
| Kvarði: | Breyting: | Nr. teikningar: | Stærð: |
| Skv. Teikn. | C | A-101 | A2 |

SAS
12.10.2021